



Fundargerð

480. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, miðvikudaginn 7. september 2022, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson, Einar Kristján Jónsson og Karl Antonsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Fundur er settur í sveitarstjórn Skaftárhrepps. Þetta er 480. fundur sveitarstjórnar og 12 fundur ársins. Fundurinn er haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs, að Klausturvegi 4, annarri hæð. Í dag er 7. september og klukkan er 15.00. Ég býð sveitarstjórn og starfsmenn velkomna til fundar sem og áheyrendur. Fundinum verður ekki streymt en hann er hljóðritaður og verður hljóðritunin geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Oddviti lagði fram eftirfarandi breytingar á dagskrá:

Fundargerð skipulagsnefndar, frá 5. september verði liður 2 á dagskrá, bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) vegna kjörbréfa, verði liður 17 á dagskrá, tölvupóstur frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, frá 23. ágúst verði liður 18 á dagskrá, skipun fulltrúa í fræðslunefnd verði liður 19 á dagskrá, laun skólaliða yrði verði 20 á dagskrá, fundargerð 137. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla verði 30 liður á dagskrá, bókun Grímsnes- og Grafniðshrepps, verði liður 31 á dagskrá, forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026, verði liður 32 á dagskrá, bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) vegna milli þingarnefnda verði liður 33 á dagskrá, tölvupóstur frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, frá 12. júlí 2022 verði liður 34 á dagskrá og skýrsla sveitarstjóra verði liður 35 á dagskrá.

Breytingartillaga á dagskrá var samþykkt.

Þá göngum við til dagskrár

Fundargerðir til samþykktar

1. 2208005 - 39. fundur umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps, frá 18. ágúst 2022.

Fundargerð 39. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps, frá 18. ágúst 2022 lögð fram til kynningar. Jafnframt staðfestir sveitarstjórn, ákvörðun umhverfis- og náttúruverndarnefndar, að áfram verði veitt þjónusta á vegum sveitarfélagsins fyrir fyrirtæki, vegna sorphirðu, þar til annað verður ákveðið.

Jón Hrafn Karlsson, vék af fundi undir þessum lið

Al 29
BHS
GOS
JMK



2. 2208002F - Skipulagsnefnd - 177

2.1 1904001 - Heildarendurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Skipulagsnefnd fór yfir helstu athugasemdir sem fyrir liggja. Unnið verður í að setja upp til nánari skoðunar athugasemdir annars vegar og hins vegar viðbrögð sveitarstjórnar og leggja fyrir næsta fund. Stefnt á að hafa vinnufund í lok mánaðar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2 2010007 - Deiliskipulagsvinna svæðis milli Klausturvegar og Skaftár

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Tekin verði saman þau sjónarmið sem komið hafa fram og sett upp drög að lýsingu fyrir næsta fund. Boða þær Margréti og Kristínu frá Landmótun til fundarins til skrafs og ráðagerða.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.3 2208001 - Breiðabólstaður - stækkun 2ja lóða

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að beiðnin verði samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.4 2208030 - Framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis í Skálmarbæ

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis í Skálmarbæ skv. meðfylgjandi gögnum verði staðfest með fyrirvara um samráð við jarðeigendur/ábúendur aðliggjandi jarða. Jafnframt verði það hluti af framkvæmdaleyfinu að markaskurður verði hreinsaður til tryggingar vatnsrennsli til Holtslækjar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.5 2208028 - Heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings Eystra 2020-2032

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemnd við heildarendurskoðun Aðalskipulags Rangárþings Eystra 2020-2032. Skipulagsnefnd óskar eftir viðræðum varðandi samræmingu á sveitarfélagsmörkum samhliða heildarendurskoðun Aðalskipulags beggja sveitarfélaga.

Alv. JG
BHS
GPS
JAK



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.6 2208029 - Vinnslutillaga á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við vinnslutillögu af Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.7 2208017 - Kortasjá sveitarfélagsins

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Til kynningar

Lagt fram til kynningar

2.8 2208031 - Kirkjubæjarklaustur - Fráveitukönnun

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Til kynningar

Lagt fram til kynningar

2.9 2209009 - Drónamyndatökur í Eldhrauni sunnan Þjóðvegur

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 177

Til kynningar

Lagt fram til kynningar

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

3. 2208022 - Reglur um birtingu fylgiskjala

Drög af reglum um birtingu fylgigagna með fundargerðum sveitarstjórnar. Almenn fylgigögn með málum til afgreiðslu á sveitarstjórnarfundum skal birta á heimsíðu Skaftárhrepps. Skulu þau að öllu jöfnu staðsett undir viðkomandi dagskrárlið. Fylgigögn eru sett inn á sama tíma og fundargerð sveitarstjórnar og skal það gerast eins fljótt og auðið er eftir að sveitarstjórnarfundu lýkur.

Oddviti lagði fram drög af reglum um birtingu fylgigagna með fundargerðum sveitarstjórnar. Almenn fylgigögn með málum til afgreiðslu á sveitarstjórnarfundum skal birta á heimsíðu Skaftárhrepps. Skulu þau að öllu jöfnu staðsett undir viðkomandi dagskrárlið. Fylgigögn eru sett inn á sama tíma og fundargerð sveitarstjórnar og skal það gerast eins fljótt og auðið er eftir að sveitarstjórnarfundu lýkur.

Ab. Pó.
BLS
GOS
SKA

**Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur, samhljóða.**

4. 2208024 - Skipurit 2022
Lagt fram nýtt skipurit fyrir Skaftárhrepp

Oddviti lagði fram nýtt skipurit fyrir Skaftárhrepp. Nokkrar umræður urðu um nýtt skipurit sveitarfélagsins. Eldra skipurit frá 2019 fellur jafnfram úr gildi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt skipurit Skaftárhrepps.

5. 2208012 - Stofnun umdæmisráðs vegna barnaverndar
Bréf frá Múlapingi, dagsett 26. ágúst 2022, ásamt drögum að samningi, vegna stofnunar umdæmisráðs á landsvísu vegna barnaverndarmála

Fyrir fundinum liggja drög af samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar. Öll sveitarfélög landsins eiga að hafa skipað umdæmisráð 1. október næstkomandi og geta ekki sótt um undanþágu til að setja á stofn barnaverndarþjónustu undir 6.000 íbúa markinu fyrr en að umdæmisráð hefur verið skipað og tilkynning um það borist ráðuneyti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða að gerast stofnaðili að umdæmisráði á landsvísu vegna barnaverndarþjónustu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að samþykki samnings þar að lútandi og leggja fyrir sveitarstjórn til endanlegrar samþykktar.

6. 2208011 - Bréf frá Molok, vegna snjallausna, dags. 23.ágúst 2022
Molok-sorplausnir óska eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra kaupa á djúpgámum.

Lagt fram til kynningar, bréf frá Molok-sorplausnum, þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins. Er óskað eftir fundinum, þar sem pöntun á 6 Molok djúpgámum með vigtunarbúnaði, hugbúnaði og hýsingu var sett á bið. Gámarnir 6 áttu að kosta 15.066.000 með virðisaukaskatti. Ekki liggur fyrir hver kostnaður yrði við að koma gámum fyrir.

Samþykkt var samhljóða að oddviti og sveitarstjóri munu funda með fulltrúum MOLOK- sorplausna, vegna þessa máls, ásamt formanni umhverfis- og náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins.

7. 2208017 - Tilboð frá Loftmyndum í kortasjá sveitarfélagsins
Tilboð í kortasjá sveitarfélagsins og í Seyru (skráning rotþróa)

Alv. 2
BTS
GEB
JAW



Fyrir fundinum lá tilboð frá Loftmyndum ehf. í kortasjá og í skráningakerfi fyrir rotþrær (Seyra).

Kortasjá er vefkortabjónusta þar sem hægt er að skoða kort og upplýsingar þeim tengdum í venjulegum netvafra. Innifalið í samningi um kortasjá er: Allur daglegur rekstur og viðhald á kortasjánni. Allar uppfærslur á loftmyndum og öðrum kortabekjum sem er viðhaldið, skila sér strax inn á kortasjána án aukakostnaðar. Leyfi til að birta eigin gögn t.d. vatnssveitu, fasteignir ofl. Engin takmörk á fjölda eða stærð. Vefgátt þar sem hægt er að uppfæra gögn Skaftárhrepps og setja þau á Kortasjána. Tenging við teikningar skráningu í Gagnasjá. Gátt fyrir Þjóðskrá Íslands og HMS til að fletta rafrænt upp teikningum. Tenging við gagnagrunna stofnanna og veitufyrirkæja t.d. Afmörkun Miðhálandisþjóðgarðar, Friðlýstar fornleifar, Náttúruminjaskrá, Landsnet, Rarik, aðal og deiliskipulag og Landeignaskrá Þjóðskrár, prenta, teikna og mæla.

Seyra sem er viðbót ofan á kortsjána til að halda utan um staðsetningar og tæmingar á rotþróum og niðurföllum. Í stuttu máli þá opna verktakarnir Seyruna á spjaldtölvu og skrá þar inn staðsetningar og tæmingar á öllum rotþróum. Sveitarfélagið er svo með aðgang til að skoða framvindu tæminga og sér á korti nákvæma staðsetningu allra rotþróa getur búið til skýrslu yfir hvað var tæmt innan ákveðins tímabils og pantað auka tæmingar. Bætt er við einfaldaðri mynd af þessu inn á kortasjána svo fasteignaeigendur geta sjálfir skoðað tæmingar

Tilboðið í gagnasjá er 380.000 kr. án virðisaukaskatts og mánaðargjald um 35.000 kr. án virðisaukaskatts.

Tilboð í Seyru er 420.000 kr. án virðisaukaskatts, er það eingreiðsla, engin mánaðargjöld eru vegna Seyru.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tilboð og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

8. 2208019 - Sigurhæðum - þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, tölvupóstur, dagsettur, 3. ágúst 2022.

Boð í heimsókn og kynningu á starfsemi Sigurhæða.

Visað er til tölvupóst frá Sigurhæðum, frá 12. júlí 2022. Þar sem sveitarstjórninni er boðið að koma í heimsókn nú í haust í Sigurhæðir - þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Forstöðumenn Sigurhæða hafa mikinn áhuga á að hitta, bæði faglegt og pólitískt forystufólk í sveitarfélögunum.

Sveitarstjóra er falið að finna tíma fyrir heimsókn í samráði við Sigurhæðir.

9. 2208023 - Mýrdalshreppur, tölvupóstur, dagsettur, 22. ágúst 2022, vegna slita á héraðsnefnd.

Alv. 76.
BMS
GFS
JMK



Þar sem ekki hefur enn tekist að slíta héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu þarf Skaftárhreppur að skipa tvo fulltrúa í slitastjórn.

**Fyrir fundinum liggur greinargerð KPMG, um slit á héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.
Þess er óskað að Skaftárhreppur skipi tvo fulltrúa í slitastjórn héraðsnefndarinnar.**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Skaftárhrepps í slitastjórninni verði: Jóhannes Gissurarson og Auður Guðbjörnsdóttir.

10. 2209001 - Tölvupóstur frá Hulu bs., dagsettur 1. september 2022, ásamt drögum að ársreikningi 2021.
Ósk um tilnefningu á einum fulltrúa í stjórn Hulu bs.

Fyrir fundinum liggur, beiðni um að tilnefna í stjórn Hulu bs. og jafnframt fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfund byggðasamlagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn Hulu bs. verði Jóhannes Gissurarson og jafnframt verði hann fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi Hulu bs.

11. 2208021 - Samningur á milli Vegagerðarinnar og Slökkviliðs Skaftárhrepps um hreinsun vettvangs á og við vegi í kjölfar umferðaróhappa
Samningur á milli Vegagerðarinnar og Slökkviliðs Skaftárhrepps um hreinsun vettvangs á og við vegi í kjölfar umferðaróhappa eða annarra atvika sem krefjast upphreinsunar.

**Oddviti lagði fram samning á milli Vegagerðarinnar og Slökkviliðs Skaftárhrepps um hreinsun vettvangs á og við vegi í kjölfar umferðaróhappa eða annarra atvika sem krefjast upphreinsunar.
Slökkviliðsstjóri hefur þegar undirritað samninginn fyrir hönd Slökkviliðs Skaftárhrepps, sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við samninginn.**

12. 2208025 - Samningur á milli Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs og Skaftárhrepps um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk.

Samningur á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Skaftárhrepps um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk.

**Oddviti lagði fram samning á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Skaftárhrepps um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samninginn og felur sveitarstjóra að**

7-5
A6
B2AS
GOS
JMK



undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

13. 2203010 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags
Erindi fært í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

Erindið og afgreiðsla málsins fært í trúnaðarbók, sveitarfélagsins

Undir þessum lið er fundinum lokað

14. 2207020 - Breytingar á samþykktum Félags- og skólaþjónustu, teknar til umfjöllunar öðru sinni.

Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu leitaði til óháðra ráðgjafa um gerð úttektar á stjórnskipulagi og verklagi byggðasamlagsins með hliðsjón af lögum um samþættingu í þágu farsældar barna. Niðurstaða ráðgjafa var að skipulagið vinni ekki með samþættingunni og voru lagðar fram nokkrar breytingartillögur. Endurskoða þarf samþykktir byggðasamlagsins af þessum sökum og voru tillögur um breytingar á samþykktunum samþykktar á aðalfundi Félags- og skólaþjónustunnar þann 7. júlí sl. Samþykktirnar liggja nú fyrir hjá aðildarsveitarfélögunum til tveggja umræðna.

Fyrri umræða um breytingar á samþykktum Félags- og skólaþjónustu, fór fram á 478. fundi sveitarstjórnar, þann 14. júlí 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingar á samþykktum Félags- og skólaþjónustu.

15. 2208027 - Bókun sveitarstjórnar málefni fatlaðra
Bókun sveitarstjórnar vegna sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd sveitarstjórnarinnar:

Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir yfir miklum áhyggjum af sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Ljóst er að sveitarfélögum var falin mikil ábyrgð með tilfærslu málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 og áskoranir í þjónustunni urðu enn stærri með lagabreytingum árið 2018.

Lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa engan veginn undir rekstri málaflokksins og hefur svo verið um nokkurra ára skeið. Nýleg greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 leiðir í ljós að rekstrarniðurstaða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hafði þá þrefaldast á þremur árum frá 2018.

J. S.
AG-
BKS
GPS
JHK



Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar skipan starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og skorar á ráðherra að hraða vinnu hópsins þannig að hópurinn skili af sér niðurstöðum fyrir Landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga, sem haldið verður þann, 28. september næstkomandi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur enn fremur áherslur á að ríkisvaldið tryggji aukið fjármagn til málaflokksins á árinu 2022 til að stöðva langvarandi halla á rekstri hans.

16. 2209003 - Opnunartími Skrifstofu
Breyting á opnunartíma skrifstofu

Sveitarstjóri lagði til að opnunartíma á skrifstofu Skaftárhrepps yrði breytt á föstudögum
Opnunartíminn yrði frá 10.00 til 12.00 í stað 10.00 til 13.00.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þessar breytingar á opnunartíma.

17. 2208014 - Bréf með kjörbréfum
Árspaning Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 27. og 28. október 2022.

Fyrir fundinum lá bréf frá SASS, dagsett 23. ágúst 2022.
Ákveðið hefur verið að halda árspaning Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 27. og 28. október nk. á Hótel Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði. Á árspaninginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Skaftárhrepps á árspaningi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verði, Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir og Sveinn Hreiðar Jensson, aðalmenn og til vara Gunnar Pétur Sigmarsson, Björn Helgi Snorrason og Jón Hrafn Karlsson.

18. 2208013 - Tölvupóstur frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, skrifstofa landgæða, dagsettur, 23. ágúst 2022. Starfshópur
Fyrirspurn frá starfshópi til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að setja skuli sérstök lög um nýtingu vindorku með það að markmiði, að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku. Jafnframt kemur fram að áhersla verði lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Tekið er fram að mikilvægt sé að breið sátt ríki um uppbyggingu slíkra

J. G.
A.G.
B.H.S.
G.P.S.
A.H.



vindorkuvera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru og taka verði afstöðu til gjaldtöku fyrir slíka nýtingu.

Í skipunarbréfinu er sérstaklega tiltekið að starfshópurinn skuli vinna náið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga við undirbúning tillagna sinna og frumvarps. Þá sé gert ráð fyrir samráði við hagaðila, hlutaðeigandi ráðuneyti eða stofnanir eftir því sem við á.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að gera ekki neinar athugasemdir við þau atriði sem framkoma í erindi starfshópsins.

19. 2209012 - Skipun fulltrúa, tímabundið í fræðslunefnd

Oddviti leggur eftirfarandi fram til afgreiðslu í sveitarstjórn:

Sverrir Gíslason, formaður fræðslunefndar Skaftárhrepps, hefur óskað eftir tímabundnuleyfi frá störfum sem formaður nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri, verði skipaður í fræðslunefnd, tímabundið í stað Sverris Gíslasonar og verði Einar Kristján jafnframt formaður nefndarinnar.

Einar Kristján Jónsson, vék af fundi undir þessum lið

20. 2209014 - Laun skólaliða

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Skólaliðar sem starfa í Kirkjubæjarskóla á Síðu, skulu njóta launakjara allt árið, eins og um heilsárs starf væri að ræða.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir til kynningar

21. 2208007 - Fundur í fjallskilanevnd, Austursíðu afréttar, frá 3. ágúst 2022, ásamt fjallskilaseðli 2022.

Lögð fram til kynningar fundargerð fjallskilanevndar Austursíðu, frá 3 ágúst 2022. Fundargerðinni fylgir fjallskilaseðill og fjárhagsáætlun ársins 2022.

22. 2208006 - Fundur í fjallskilanevnd, Landbrots- og Miðafréttar, frá 23. ágúst 2022, ásamt fjallskilaseðli 2022.

Lögð fram til kynningar fundargerð fjallskilanevndar Landbrots- og Miðafréttar, frá 23 ágúst 2022. Fundargerðinni fylgir fjallskilaseðill ársins 2022.

23. 2208026 - Fundur í fjallskilanevnd Skaftártunguafréttar, frá 11. ágúst 2022, ásamt fjallskilaseðli 2022.

Lögð fram til kynningar fundargerð fjallskilanevndar Skaftártunguafréttar, frá 11. ágúst 2022. Fundargerðinni fylgir fjallskilaseðill ársins 2022.

24. 2208008 - 585. fundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), frá 15.

7.6.
Al.
B.Ö.S.
G.S.
S.K.



ágúst 2022.

Fundargerð 585. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), frá 15. ágúst 2022, lögð fram til kynningar.

24. 2209002 - Fundur í fjallskilanevnd Álftaversafréttar, frá 15. ágúst 2022, ásamt fjallskilaseðli 2022
Lögð fram til kynningar fundargerð fjallskilanevndar Álftaversafréttar, frá 15. ágúst 2022. Fundargerðinni fylgir fjallskilaseðill ársins 2022.

25. 2208009 - Fundargerð 19. samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofurfræðslustjórar 16. ágúst 2022

Fundargerð 19. samráðsfundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofurfræðslustjórar, frá 16. ágúst 2022, lögð fram til kynningar.

26. 2208020 - 2. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, kjörtímabilið 2022-2026

Fundargerð 2. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, kjörtímabilið 2022-2026, frá 23. ágúst 2022, ásamt fylgigögnum, lögð fram til kynningar.

27. 2207017 - 80. fundur íþróttá- og tómstundanevndar, Skaftárhrepps, frá 12. júní 2022.

Fundargerð, 80. fundur íþróttá- og tómstundanevndar, Skaftárhrepps, frá 12. júní 2022, lögð fram til kynningar.

28. 2208032 - 220. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 26. ágúst 2022.

Fundargerð 220. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 26. ágúst 2022, lögð fram til kynningar.

29. 2209010 - Fundargerð 137 fundar rekstrarnefndar Klausturhóla

Fundargerð 137. fundar rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, frá 31. ágúst 2022.

Fundargerð 137. fundar rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, frá 31. ágúst 2022, lögð fram til kynningar.

Mál til kynningar

30. 2208015 - Mönnun heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni.

Bókun, sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps vegna mönnunar heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni.

Handwritten notes in blue ink: "9. 5.", "AG", "BAS", "GAS", and a signature.



Fyrir fundinum liggur til kynningar, bókun frá sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vegna mönnunar heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni.

31. 2208016 - Forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026
Forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026

Fyrir fundinum liggur minnisblað, til kynningar, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna forsenda fjárhagsáætlana árin 2023 til 2026

32. 2208018 - Bréf millipinganefndir 2022
Millipinganefndir fyrir komandi ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur, dagsettur, 23. ágúst 2022, til kynningar frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna millipinganefnda SASS.

Stjórn SASS hefur ákveðið að hafa millipinganefndir að störfum fyrir komandi ársþing samtakanna á Hótel Höfn, daganna 27. til 28. október næstkomandi.

33. 2207026 - Tölvupóstur frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dagsettur, 12. júlí 2022.
Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum.

Fyrir fundinum liggur, til kynningar, rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum

Skýrsla sveitarstjóra

34. 2209013 - Skýrsla sveitarstjóra 480. fundi
Sveitarstjóri greindi frá störfum sínum eins og fram kom á fundinum.

Fleira ekki gert,
fundargerð yfirlésin.

Fundi slitið kl. 18.23.

*J. S.
Alv. B. S.
GFS
Skaftárhreppur*



Jóhanna Gísladóttir
Jóhanna Gísladóttir

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir

Jón Hrafn Karlsson
Jón Hrafn Karlsson